

2. gr.

Eftirfarandi lyf er felld úr viðauka 4 við reglugerðina:

Ephedrinum
Terfenadinum

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levocabastinum	Augndropar. Í hverjum dropa 15 mikrog. Mest 4 ml handa einstaklingi.	Livostin , augndropar 0,5 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins.
Lindanum (hexicidum)	Lyfjaform til útvortis notkunar, mest 10 mg/g eða 10 mg/ml (1%)	Quellada , hársápa	Samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. janúar 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. janúar 1998.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 365 24. júní 1996, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 1,7% með tveimur undantekningum:

Orkuverð vegna götulýsingar lækkar úr 7,75 kr. í 6,83 kr/kWh en við bætist nýr liður: viðhaldsgjald vegna götulýsingar 2,00 kr/kWh.

Orkuverð marktaxta hækkar að auki um 0,45 kr/kWh, en á móti er aukinn afsláttur á húshitun um sömu upphæð 0,45 kr/kWh.

Tengigjöld hækka frá sama tíma í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1997 til janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. desember 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.